

Pórðarsonar fyrverandi sýslumanns, í þessu máli.
Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli
niður.

Mánudaginn 18. júní 1917.

Nr. 8/1917.

Jón Árnason
gegn
Hallgrími Benediktssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Hallgrímur Benediktsson umboðssali í Reykjavík fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jóni Árnasyni kaupmanni sama staðar til greiðslu á skuld að upphæð 421 kr. 68 aur. ásamt vöxtum og málskostnaði. Með dómi nefnds réttar uppkveðnum 18. jan. þ. á. lauk máli þessu svo, að áfrýjandi Jón Árnason var dæmdur til að greiða stefnda 362 kr. 75 a. með 6% ársvöxtum frá 14. jan. 1916 til greiðsludags, og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. febr. þ. á. og krafist þess aðallega, að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnda Hallgríms Benediktssonar, en til vara að hann verði aðeins dæmdur til að greiða 35 kr. 78 a. og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann þess, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi hvernig sem málið fer.

Stefndi hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 30. marz þ. á. og krafist þess, að kröfur hans fyrir undirrétti verði að öllu leyti teknar til greina og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Hin umstefnda skuld stafar frá verzlunarviðskiftum málsaðila, en þau voru í því fólgin, að á árunum 1912—1915 fekk áfrýjandi ýmsar vörur til verzlunar sinnar hjá stefnda. Í undirrétti lagði stefndi fram sundurliðaðan reikning yfir viðskiftin frá upphafi, og samkvæmt þeim reikningi skuldaði áfrýjandi honum við árslok 1915 421 kr. 68 au., er hann krafðist dóms fyrir, en í undirrétti var krafan færð niður um 58 kr. 93 au. og fekk hann dóm fyrir eftirstöðvunum 362 kr. 75 a.

Sýknukröfu sína byggir áfrýjandi á því, að verð steinolíu 26. sept. 1912 sé ofreiknað um 220 kr., að honum séu vanfærðar til tekna 27. júní 1912 65 kr. og 29. des. 1915 13 kr., að vextir séu sér ranglega færðir til skuldar, með því hann hafi aldrei skuldað stefnda neitt, og loks að hann ófyrirsynju hafi greitt stefnda 61 kr. fyrir vörusendingu, sem aldrei hafi komið fram, en stefndi hafi verið skyldur til að vátryggja.

Hvað hina síðustu aðfinslu snertir verður hún ekki tekin til greina, með því áfrýjandi hefir engin rök fært fyrir henni.

Hinn 26. sept. 1912 fekk áfrýjandi hjá stefnda 90 tn. af steinolíu; þar af er í reikningi stefnda 50

tn. reiknaðar á 24 kr. 50 au. hver tunna, en 40 tn. á 30 kr. hver. Áfrýjandi heldur því nú fram, að hinar fyrnefndu 50 tonnur hafi stefndi útvegað honum, en hinar síðarnefndu 40 tn. hafi hann fyrir þrábeiðni stefnda tekið af honum, og hafi svo verið umsamið, að verð á hverri steinolíutunnu skyldi vera 24 kr. 50 a.; sé því verðið á þessum 40 oliutunnum ofreiknað um 5 kr. 50 a. fyrir hverja tunnu eða alls um 220 kr. Stefndi heldur því hins vegar fram, að hann hafi útvegað áfrýjanda þessa olíu eftir beiðni hans, hafi hver tunna kostað 30 kr. og hafi hann látið áfrýjanda fá hana fyrir sama verð. Þessu til styrktar hefir stefndi lagt fram vottorð frá kaupmanni þeim, er hann keypti olíuna hjá, og tekur kaupmaður þessi fram í vottorðinu, að hann hafi selt stefnda 40 tonnur af steinolíu í sept. 1912 á 30 kr. tunnuna og að honum hafi verið kunnugt um, að stefndi hafi keypt olíu þessa handa áfrýjanda. Gagnvart þessu hefir áfrýjandi engar sannanir fært fyrir því, að samið hafi verið um 24 kr. 50 a. verð fyrir tunnuna, og þar sem áfrýjandi auk þess hefir engar sannanir fært fyrir því, að verð það, sem stefndi hefir krafist fyrir olíuna, hafi verið óeðlilega hátt eftir þáverandi markaðsverði, verður krafa áfrýjanda um niðurfærslu á steinolíuverðinu ekki tekin til greina.

Áfrýjandi hefir viðurkent að hann hafi fengið að láni hjá stefnda þær 65 kr., er hann er skuldaður fyrir 27. júní 1912, en áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi endurgreitt upphæðina samdægurs, og hafi sami maður tekið við peningunum, sem lét þá af hendi. Með því að áfrýjandi hefir eigi með því að leiða

mann þennan sem vitni eða á annan hátt leitast við að sanna að hann hafi endurgreitt peningana, er ekki hægt að taka framburð hans til greina gegn mót-mælum stefnda. Hins vegar kannast stefndi við að áfrýjandi eigi hjá sér þær 13 kr., er áfrýjandi telur að stefndi hafi vanrækt að telja honum til tekna 29. desember 1915, en hann heldur því fram að þessi upphæð hafi með samþykki áfrýjanda verið færð honum til tekna í janúar 1916. Þessa upphæð, er stafar frá viðskiftum máls- aðila á þeim tíma, sem um er stefnt, ber að draga frá kröfu stefnda, er tekin var til greina í hinum áfrýjaða dómi.

Í gagnsökinni krefst stefndi, að bæjarþingsdómnum verði breytt þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þar samtals 58 kr. 93 au., er dregnar voru frá kröfu hans í undirrétti. Eru það 18 kr. fyrir súkkulade og 34 kr. 44 a. fyrir »vasquit og konsum«, sem stefndi hefir skuldað áfrýjanda fyrir í maí og júní 1912, svo og vextir af þessum upphæðum árin 1914 og 1915 kr. 6.49. Þessar vörur hefir áfrýjandi afdráttarlaust neitað að hafa fengið hjá stefnda. Til sönnunar því að áfrýjandi hafi fengið vörur þessar, hefir stefndi hér fyrir réttinum lagt fram staðfestan útdrátt úr höfuðbók sinni árið 1912, og telur hann þetta fulla sönnun þess, að áfrýjandi hafi fengið vörurnar, með því bækur sínar séu færðar lögum samkvæmt, en með því enginn staðfestur útdráttur úr frumbók stefnda hefir verið lagður fram, en hin framlagða útskrift úr höfuðbók hans verður ekki talin næg sönnun í þessu efni, ber að taka

neitun áfrýjanda til greina, sem gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt framansögðu ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeirri breytingu einni að frá dómsupphæðinni kr. 362.75 ber að draga áðurnefndar 13 kr., og ber áfrýjanda þannig að greiða stefnda 349 kr. 75 a. með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. — Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Jón Árnason greiði stefnda Hallgrími Benediktssyni 349 kr. 75 a. með 6⁰/₁₀ ársvöxtum frá 14. janúar 1916 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. júní 1917.

Nr. 24/1917.

Þorgeir Pálsson fyrir hönd
hlutafélagsins »Njörður«
gegn

Eliasi Stefánssyni fyrir hönd
hlutafélagsins »Eggert Ólafsson« og Halldóri Þorsteinssyni.